

Óvenjuleg sýning á nútímagrafík

F.I. Reykjavík. — Óhætt er að fullyrða, að þetta er glæsilegasta grafík-sýning, sem sett hefur verið upp hér á landi, sagði Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur, er við litum inn á Kjarvalsstöðum, þar sem opnuð hefur verið sýningin „Þýzk grafík á vorum dögum“ á vegum menningardeildar

þýzka utanríkisráðuneytisins. Bragi Asgeirsson annaðist uppsetningu listaverkanna, sem eru 100 að tölu eftir 39 listamenn. Sagði Bragi, að sýningin væri óvenjuleg að mörgu leyti. Hér væri um að ræða fræga listamenn, sem allir hefðu haft mikil áhrif á nútímagrafík í heiminum, og notuðu

þeir hinar fjölbreytilegustu aðferðir.

Vandað er til sýningaráskrárinnar, og hefur hún að geyma ljósmyndir hvers einstaks lista-verks ásamt ágætum formála, en hann er þýddur af íslenskum námsmönnum í Stuttgart.

Athugun á dagvistarmálum í Hafnarfirði

A VEGUM jafnréttisnefndar Hafnarfjarðar, sem kosin var af bæjarstjórninni fyrir rúmu ári, er nú að fara af stað starfshópur um dagvistarmál.


Mun hann vinna að athugun á dagvistarmálum í Hafnarfirði, kanna þörfina í þeim efnum og finna ráð til úrbóta. Guðrún Óskarsdóttir og Margrét Halldórsdóttir veita hópnun forstöðu, og eru áhugamenn og konur beðin að hafa samband við þær. Símanúmerin eru 51044 og 50718.

Jafnréttisnefnd Hafnarfjarðar hefur í samvinnu við sínar líkar í Kópavogi, Garðabæ og Neskaupstað ráðið til að framkvæma víðamikla félagslega könnun á viðhorfum fólks í þessum byggðarlögum til ýmissa jafnréttismála. Umsjón með könnuninni höfðu

félagsfræðingarnir Þorbjörn Broddason og Kristinn Karlsson.

Nú er verið að vinna að þessari könnun, sem í Hafnarfirði náði til 710 manna, og verða niðurstöður birtar síðar.

Einnig skrifaði nefndin kennara félögum skólanna í bænum og óskaði eftir samvinnu við þau um jafnréttismál. Í framhaldi af því tók til starfa starfshópur kennara úr skólum bæjarins, og hefur hann unnið að athugunum á námsefni og barnabókum með tiliti til jafnréttissjónarmiða.



Nýtt frá Pillsbury

„SELF RISING“ hveiti

Hveitiblanda þar sem hver bolli inniheldur 1½ tsk. af lyftidufti og ½ tsk. af salti. Hveiti þetta er með minna eggjahvítefni (protein) en venjulegt hveiti og er því kjörlið í kex og kökur.

Í allar venjulegar uppskriftir með lyftidufti er mjög gott að nota Pillsbury's „SELF RISING“ hveiti og er þá lyftidufti og salti sleppt. Aðeins í súkkulaðikökum og bakstur, sem ekki er gert ráð fyrir lyftidufti í, er ekki mælt með Pillsbury's „SELF RISING“ hveiti. Mistök í blöndun lyftiduftis og hveitis, orsaka mistök í bakstri. Það vandamál er úr sögunni ef notað er Pillsbury's „SELF RISING“ hveiti.

Vetrarstarf Karla-kórs Selfoss að hefjast

Stjas Vorsabæ — Karla-kór Selfoss efnir til tónleika í Þorlákshöfn í kvöld föstudagskvöldið 26. nóv. kl. 21.00. Aðrir tónleikar verða í Selfossbíói kl. 16.00 á sunnudag og að Flúðum laugardaginn 4. des. kl. 21.00. Stjórnandi kórsins er Asgeir Sigurðsson, en undirleik annast Björgvin Þ. Valdmarsson. A söngskránni eru m.a. lög eftir Pálmarr Þ. Eyjólfsson, Sigfús Einarsson, Sigurð Agústsson, Friðrik Bjarnason, Björgvin Guðmundsson og Jónatan Ólafsson o.fl. Dixieland-hljómsveit kemur fram á hljómsveitunum og enn fremur flytur átta manna hljómsveit sameiginlega lagasyrpu í útsetningu Asgeirs Sigurðssonar.

Kórfélagar í Karla-kór Selfoss eru 31 og hefur kórinn starfað af þrótti um margra ára skeið og oft skemmt héraðsbúum með söng og sett mikinn svip á menningarlíf Arnesinga.

Skammdegishátíð í Kópavogi

SUNNUDAGINN 28. nóv. kl. 13.30 heldur Menntaskólinn í Kópavogi sína árlegu „Myrkramessu“ í Félagsheimili Kópavogs. Hátíð þessi er haldin í tilefni af fullveldisdeginum 1. des. og því að nú er skammdegisdagur hvað svartast.

Hátíðinni er ætlað að stytta mönnum stundirnar í skammdeginu. Dagskrá hátíðarinnar er óvenju fjölbreytt. Meðal þeirra sem koma fram eru: Fjögur listaskáldanna, Leiklistarklúbbur skólans, Halli, Laddi og Gísli Rúnar og margt, margt fleira. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. Aðgangur ókeypis.

Að hátíðinni lokinni stendur 3. bekkur MK fyrir kaffisölu í efri sal Félagsheimilisins.





HÁPRÝSTIVÖRUR

Háprýstislöngur
Háprýstitengi
Háprýstidælur

Háprýstilokar
Háprýstistrokkar
Háprýstipétti

BSP Tengi með hlaupró (rörgengjur að innan, þéttiflötur 60°)	
BSP Nippiltengi (rörgengjur að utan, þéttiflötur 60°)	
BSP T Nippiltengi (konískar rörgengjur að utan)	
JIC Nippiltengi (UNF gengjur að utan, þéttiflötur 74°)	
JIC Tengi með hlaupró (UNF gengjur að innan, þéttiflötur 74°)	
NPT (NPTF) Nippiltengi (NPT gengjur að utan, þéttiflötur 60°)	
METRISK Tengi með hlaupró (m/m gengjur að innan, Din 7608 þéttiflötur 60°)	
METRISK Nippiltengi (m/m gengjur að utan, þéttiflötur 60° Din 7611)	

Við pöntun á fullfrá - genginni slöngu skal gefa upp mál samkvæmt eftirfarandi upplýsingum



Laus-kónatengi (m/m gengjur að utan, Din 3853/3861 þéttir með lausum kón grenni gerð)	
Laus-kónatengi (m/m gengjur að utan, Din 3853/3861 þéttir með lausum kón sverari gerð)	
Tengi-stútur (m/m mál á legg, grenni gerð)	
Tengi-stútur (m/m mál á legg, sverari gerð)	
BSP tengi 90° með hlaupró (rörgengjur að innan, þéttiflötur 60°)	
BSP tengi 45° með hlaupró (rörgengjur að innan, þéttiflötur 60°)	
JIC tengi 90° með hlaupró (UNF gengjur að innan, þéttiflötur 74°)	
JIC tengi 45° með hlaupró (UNF gengjur að innan, þéttiflötur 74°)	